

# Starfsreglur Leiksteins, foreldrafélags og foreldraráðs Leikholts.

1. gr. Félagið heitir Foreldrafélagið Leiksteinn.
2. gr. Markmið félagsins er:
  - a. að efla og tryggja gott samstarf heimila og skóla
  - b. að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi leikskóla og uppeldismál.
  - c. að standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.
3. gr. Félagið sinnir hlutverki foreldrafélags og foreldraráðs.
4. gr. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðilum; formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir annað árið og þrír hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum.
  - a. Formaður skal sitja skólanefndarfundi sem fulltrúi foreldra.
  - b. Skoðunarmenn reikninga skulu kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Þeir fara yfir ársreikning frá gjaldkera. Einnig skal kjósa tvo til vara.
  - c. Kosningarétt hafa foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum.
5. gr. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar í október ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara.

Á aðalfundi skulu koma fram:

  - a. Skýrsla um starfsemi félagsins/ráðsins
  - b. Reikningar félagsins
  - c. Kosning til stjórnar
  - d. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs
  - e. Endurskoðun á starfsreglum (ef þurfa þykir)
  - f. Ákvörðun félagsgjalda
  - g. Önnur mál
6. gr. Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf tvo þriðju fundarmanna til að reglubreytingar öðlist samþykki og gildi. Þegar leggja á fyrir reglubreytingar skal þess getið í fundarboði með viðeigandi fylgiskjöllum. Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.
7. gr. Félagið skal hafa svæði á heimasíðu leikskólans.
  - a. Á heimasíðu skulu koma fram nöfn og netföng fulltrúa í foreldraráði ásamt netfangi Leiksteins.
  - b. Á heimasíðu skal starfsemi Leiksteins kynnt og hlutverk félagsins.
8. gr. Í upphafi hvers skólaárs skal félagið setja sér starfsáætlun og birta hana á heimasíðu skólans.
  - a. Leiksteinn skal funda a.m.k. 3svar á ári og birta fundargerðir á vefsvæði skólans ásamt því að senda þær á leikskólastjóra.
  - b. Í samvinnu við leikskólastjóra skal gera áætlun um a.m.k. 2 fundi á skólaárinu þar sem skólastjóri veitir upplýsingar varðandi starfsemina, skólahald almennt og breytingar eða þróun á því.

## **Foreldrafélag**

9. gr. Hlutverk foreldrafélagsins er að stuðla að góðum skólaanda með því að vinna að öflugum félagslífi í leikskólanum, auknum kynnum barnanna, foreldra og starfsmanna, koma á umræðu- og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og/eða leikskólamál og veita leikskólanum lið í að bæta aðstæður til leiks og náms.
10. gr. Félagar í foreldrafélaginu eru foreldrar og forráðamenn barna í Leikholti.
11. gr. Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi. Gjaldið rennur í sjóð sem stendur straum af kostnaði við starfsemi félagsins. Gjaldkeri innheimtir félagsgjaldið.
12. gr. Ef til slita félagsins kemur skal það gert á aðalfundi. Nægir einfaldur meirihluti í atkvæðagreiðslu þar um. Eignir félagsins skulu þá renna óskiptar til leikskólans og ráðstafast af leikskólastjóra til félagsstarfs barnanna.

## **Foreldraráð**

13. gr. Stjórn Leiksteins fer með hlutverk foreldraráðs og starfar skv. ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
14. gr. Skólastjóri sér um að starfsreglur ráðsins séu kynntar foreldrum, t.a.m. með birtingu þeirra í skólanámsskrá eða á upplýsingavef skólans.
  - a. Á heimasíðu skulu koma fram nöfn og netföng fulltrúa í foreldraráði ásamt netfangi Leiksteins.
  - b. Skólastjóri ber ábyrgð á að Skóla- og velferðarþjónustu Árenspings sé tilkynnt um nöfn, heimilsföng og netföng fulltrúa í foreldraráði að lokinni kosningu þeirra. Formaður Leiksteins sér um að koma þeim upplýsingum til Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.
15. gr. Foreldraráð afhendir leikskólastjóra afrit af erindum og umsögnum er varða skólann og skólahald ef það er sent öðrum.
16. gr. Drög að skólanámsskrá næsta vetrar skulu tekin til umfjöllunar og umsagnar. Foreldráð getur boðað leikskólastjóra og aðra starfsmenn til fundar ef þurfa þykir. Skólaráð skal senda umsögn eigi síðar en 30 dögum eftir að það fær hana til umsagnar.
  - a. Með umsögn og athugasemdum getur Leiksteinn sett fram tillögur um breytingar á skipulagi eða rekstri og óskað eftir að þær verði teknar til umfjöllunar og afgreiðslu.
  - b. Foreldraráð fylgist með að áætlunum skólanámksrár sé fylgt.
17. gr. Áætlanir er varða skólahald, s.s. skóladagatal, fjárhagsáætlun, framkvæmdaráætlanir o.þ.h. skulu lagðar fyrir foreldraráðið um leið og þær verða til.
18. gr. Foreldraráð, í náinni samvinnu við leikskólastjóra, hlutast til að kanna með faglegum hætti viðhorf og væntingar foreldra varðandi skólahaldið. Foreldraráðið gætir þess að niðurstöður þeirra kannanna séu kynntar foreldrum og aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
19. gr. Séu foreldrar ósáttir eða hafa athugasemdir er varða skólahaldið geta þeir komið þeim athugasemdum skriflega til foreldraráðs ef aðrar leiðir eru ófærar. Ráðið fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks.

20. gr. Stjórn foreldraráðsins er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem þeir hljóta upplýsingar um í starfi sínu sem stjórnarmeðlimir. Aðilar í stjórninni skuli skrifa undir þagnareið þess efnis.
21. gr. Sé lögum og reglum um leikskóla eða áætlunum um skólahald ekki fylgt að mati foreldraráðs ber því að tilkynna það til leikskólastjóra. Sé ábendingum ekki fylgt eftir skal hafa samband við skólanefnd og þar á eftir Skóla-og velferðarþjónustu Árneshvíls ef fyrri ábendingum hafi ekki verið fylgt eftir. Að lokum, sé ábendingum aldrei fylgt eftir, skal tilkynna það til Menntamálaráðuneytis.

Samþykkt á aðalfundi Leiksteins  
20. október 2022